

Fundarstjóri, ágætu fundargestir

Árið 2013 var að vissu leyti krefjandi ár fyrir Stapa lífeyrissjóð. Hinn hefðbundni rekstur sjóðsins gekk vel og þær skipulagsbreytingar sem hófust árið 2012 hafa að sama skapi tekist vel. Reksturinn og allt starf er markvissara en áður og skipulag á innra eftirliti og áhættustýringu nú í fastari skorðum. Að þessu leyti hafa þau áform sem lágu að baki skipulagsbreytingunum gengið eftir og sjóðurinn náð markmiðum sínum.

Ávöxtun ársins 2013 var á hinn bóginn undir markmiðsávöxtun sjóðsins. Má það alfarið rekja til þeirrar fjárfestingarstefnu sem sjóðurinn hefur valið og viljað halda sig við. Stefnan er varkár þar sem verulegur hluti eignanna er í ríkisskuldabréfum, en ávöxtun þeirra var slök á síðasta ári. Ávöxtunarkrafa helstu flokka ríkistryggðra skuldabréfa hefur nú verið undir viðmiðunarvöxtum sjóðsins í vel á fjórða ár, sem hefur haft mikil áhrif á afkomu hans. Þá hefur sjóðurinn einnig ráðstafað nokkrum hluta erlendra eigna sinna í áhættuminni fjárfestingar en skráð hlutabréf, en skráð hlutabréf náðu ávöxtuðu sig best af erlendum eignum á árinu. Áhættutaka borgaði sig því á árinu 2013 bæði hér heima og erlendis.

Líkur eru á að ávöxtunarkrafa íslenskra ríkisskuldabréfa verði áfram undir reiknivöxtum sjóðsins. Þessi lága ávöxtun á áhættulitlum eignum samanborið við þá ávöxtunarkröfu sem gerð er til sjóðanna, heldur sjóðum sem vilja taka litla áhættu í ákveðinni spennitreyju. Þeim er í raun nauðugur sá einn kostur að auka vægi áhættusamra eigna í eignasafninu, eða búa við ónóga ávöxtun að öðrum kosti. Stapi hefur vissulega aukið vægi áhættusamra eigna, en þó í minna mæli en flestir aðrir lífeyrissjóðir. Stjórn sjóðsins hefur viljað fara varlega í sakirnar, enda mikið ójafnvægi enn til staðar í efnahag landsins. Þótt gjaldeyrishöft hafi skapað visst skjól fyrir innlendan efnahag þá eru undirliggjandi vandamál óleyst. Aflétting hafta er snúið og áhættusamt verkefni sem getur haft mikil neikvæð áhrif á íslenskan fjármálamarkað. Aflétting er þó nauðsynleg, enda skapa höftin veruleg vandamál fyrir rekstur fólks og fyrirtækja.

Umræða hefur skapast um það hvort gjaldeyrishöftin hafi nú þegar valdið eignabólum sem muni fyrr eða síðar springa með tilheyrandi afleiðingum. Tæplega er hægt að segja að svo sé enn, en þau fækka vissulega fjárfestingarkostunum. Hinar þröngu heimildir sjóðanna til fjárfestinga gera það einnig og eru ekki síður vandamál fyrir sjóðina. Það er veruleg þörf fyrir fjárfestingar í íslensku atvinnulífi og innviðum þjóðfélagsins en sjóðirnir hafa litla möguleika til að koma beint að slíkum málum. Óæskilegt að þetta gerist í gegnum fagfjárfestastjóði, sem dregur úr gagnsæi og eykur flækjustig. Þá gerir regluverkið það að verkum að sjóðir eins og Stapi geta lítið sem ekkert fjárfest á eigin starfssvæði, sem er miður. Öllum fjárfestingu er í raun beint til höfuðborgarsvæðisins. Nauðsynlegt er að breyta því, enda ríkur vilji til þess að nokkur hluti sparnaðar fólks sé fjárfestur á þeirra atvinnusvæði.

Íslenska krónan styrktist um tæp 10% á árinu 2013. Þetta hafði neikvæð áhrif á afkomu sjóðsins og lækkaði ávöxtun hans um 2,1% eða um 2,8 ma.kr. Það er umhugsunarefni hvað Seðlabanki Íslands hefur leyft krónunni að styrkjast þegar tekið er mið af þeirri stöðu, sem íslenska hagkerfið er í. Íslensk heimili, fyrirtæki, og ríkissjóður eru mjög skuldsett og vilja öll draga úr skuldsetningu sinni. Það verður ekki gert nema með góðum afgangi af viðskiptum við útlönd. Styrking krónunnar og minnkandi samkeppnishæfni Íslands er því afar óskynsamleg við þessar aðstæður og setur þann efnahagsbata sem náðst hefur á síðustu árum í óvissu.

Stapi hefur áfram lagt áherslu á áhættudreifingu erlendis með fjárfestingum í mismunandi eignaflokkum, en þar eins og á Íslandi gáfu hlutabréf best af sér á árinu 2013. Ýmsar blikur eru þó á lofti og hefur sjóðnum þótt ástæða til að fara varlega. Þau vandamál sem fjármálakreppan afhjúpaði hafa ekki verið leyst, heldur fremur skotið á frest með seðlaprentun og skuldasöfnun, sem næsta kynslóð fær svo til úrlausnar.

Mikil umræða hefur verið um verðtryggingu hér á landi undanfarin ár. Starfshópur um afnám verðtryggingar skilaði skýrslu í janúar síðastliðnum en þar koma fram hugmyndir um fullt afnám verðtryggingar á fasteignalánum, eða í það minnsta að settar verði verulegar takmarkanir og stefnt sé að afnámi hennar. Það er í raun mikil verðbólga sem er vandamálið, fremur en verðtrygging og greiðslubyrði lána mun aukast við þessa aðgerð. Umræðan um afnám verðtryggingar hefur nær einhliða takmarkast við fastaeignalán til einstaklinga. Í íslensku samfélagi er verðtrygging vítæk, þannig er til að mynda allur lífeyrir og lífeyrissjóðir verðtryggð. Hvað lífeyrissjóðina varðar er mikilvægt að kvöðum um greiðslu verðtryggðs lífeyris verð aflétt eða þau a.m.k. skilyrt þannig að áhætta í rekstri sjóðanna verði ekki aukin um of við þessar breytingar.

Sjóðfélagalán voru nokkuð til umræðu á árinu 2013 en ný löggjöf um neytendalán var sett á árinu og eru fasteignatryggð húsnæðislán felld undir hana, þar með talin sjóðfélagalán lífeyrissjóða. Nýja löggjöfin gerir auknar kröfur um ítarlega upplýsingagjöf til lántakenda og settar eru reglur um framkvæmd lánshæfis- og greiðslumats. Markmið laganna er að auka neytendavernd, en þau munu einnig auka vinnu og kostnað við lánveitingar. Að auki hefur Evrópusambandið nú samþykkt nýja veðlánatilskipun, sem tekur gildi á næsta ári. Væntanlega þurfa veitendur fasteignalána þá sérstakt starfsleyfi, þannig að núverandi starfsleyfi lífeyrissjóða dugir ekki til að hafa heimild til slíkra lánveitinga. Ekki er því ólíklegt að bein lán lífeyrissjóða til sjóðfélaga heyri brátt sögunni til.

Fjármálaeftirlitið hefur haldið áfram að taka nýja stjórnarmenn í hæfismat, auk þess sem lagt er mat á hæfi varamanna í stjórn út frá innsendum upplýsingum. Eftirlitið hefur ekki skilgreint hver lágmarksþekking stjórnarmanna á að vera, en eins og áður er fyrst og fremst lögð áhersla á menntun á sviði viðskipta- og lögfræði, auk reynslu af stjórnarstörfum. Ekki virðist lítið neitt til þekkingar á réttindamálum eða kjörum og aðstæðum þeirra sem eru tryggðir í lífeyrissjóðunum. Sjónarmið um að heppilegt sé að stjórnarmenn hafi fjölbreytta hæfni, þekkingu og reynslu virðist ekki eiga upp á pallborðið hjá eftirlitinu. Ekki virðist heldur

litið til þess hvort viðkomandi er sjóðfélagi í viðkomandi sjóði og hafi þar af leiðandi hagsmuni af því hvernig sjóðnum vegnar. Þessi stefna eftirlitsins virðist ekki byggð á neinum rannsóknum eða reynslu af því hvernig heppilegast sé að setja saman stjórnir. Tveimur varamönnum í stjórn sjóðsins hefur verið vikið úr stjórninni af hálfu eftirlitsins frá síðasta ársfundi, algerlega byggt á menntun þeirra og reynslu án þess að talað sé við viðkomandi. Hér er um að ræða almenna sjóðfélaga sem eru að greiða til sjóðsins. Það hlýtur að vera áhyggjuefni fyrir aðildarfélög sjóðsins ef almennir sjóðfélagar, sem eru eigendur sjóðanna, hafa enga möguleika á að gæta hagsmuna sinna með setu í stjórnnum þeirra.

Á síðasta ári var tekið afar mikilvægt skref í að bæta þjónustu við sjóðfélaga en í október sl. hleyptu lífeyrissjóðirnir af stokkunum nýrri heimasíðu – Lífeyrisgáttinni. Með Lífeyrisgáttinni opnast sjóðfélögum greið leið að upplýsingum um lífeyrisréttindi sín á einum stað og heildaryfirsýn yfir réttindi í öllum þeim sjóðum sem þeir hafa greitt til. Í tengslum við opnun þessarar nýju upplýsingaveitu höfðu lífeyrissjóðirnir opið hús þann 5. nóvember 2013 þar sem m.a. var sýnt hvernig nýta má Lífeyrisgáttina og tókst það vel.

Á síðasta ári samþykkti stjórnin að ráða kynningar- og upplýsingafulltrúa og var ráðið í starfið í ársbyrjun 2014. Með þessu vill stjórnin bæði gera upplýsingaflæði markvissara innan sjóðsins en ekki síður að auka og bæta upplýsingastreymi út á við og bæta þannig þjónustu við sjóðfélaga og aðra hagsmunaaðila. Markmiðið er að gera sjóðinn sýnilegri og auka fræðslu um lífeyrismál og þar með skilning eigenda sjóðsins á þeim mikilvægu réttindum sem þeir eiga í sjóðnum.

Þau mál sem tengdust hruni íslenska bankakerfisins hafa nú að mestu verið gerð upp. Nokkur eru þó eftir. Það langstærsta sem enn er óuppgert lýtur að afleiðusamningum sjóðsins við Glitni. Flestir hinna sjóðanna sömdu við Glitni en að okkar mati var sá samningur ekki hagstæður fyrir Stapa. Við kusum því að berjast fyrir hönd okkar sjóðfélaga til að fá betri niðurstöðu. Málið hefur dregist mikið, en var að lokum flutt fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra í febrúar síðastliðnum og féll héraðsdómur í byrjun apríl. Í sem stystu máli þá féllst héraðsdómur á kröfur Glitnis að mestu leyti, ef frá er talin dráttarvaxtakrafa. Dóminum hefur verið áfrýjað. Sjóðurinn á verulegar kröfur á Glitni, sem væntanlega munu nýtast til skuldajöfnunar á móti þessum kröfum ef niðurstaða Hæstaréttar verður á sama veg. Um það er þó ekki hægt að fullyrða fyrr en hæstaréttardómur er genginn og á skuldajöfnun verður látið reyna. Sjóðurinn mun kappkosta að fá málinu snúið við í Hæstarétti og hefur fulla trú á að það takist.

Sjóðurinn hefur í tvígang vísað ágreinings málum við Fjármálaeftirlitið til dómstóla. Bæði vegna kröfu eftirlitsins um viðbótareftirlitsgjald og um heimildir þess til vettvangskannana hjá aðilum sem skipta við sjóðinn. Í báðum tilfellum urðu niðurstöður endanlegra dóma sjóðnum í hag. Þetta sýnir að mikilvægt er að veita opinberum aðilum hæfilegt aðhald til að tryggja gæði stjórnsýslunnar og koma í veg fyrir að opinberu valdi sé misbeitt.

Undanfarin ár hafa verið miklar umræður um réttindakerfi íslenskra lífeyrissjóða á almennum markaði. Hjá Stapa lífeyrissjóði hafa hugmyndir um nýtt réttindakerfi verið til skoðunar um nokkurt skeið og hefur Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur komið að því verki. Þar hefur einkum verið unnið með þá hugmynd að í stað þess að réttindaávinnslan byggi á tiltekinni reiknireglu, réttindatöflu, þá ávinnist réttindi í takt við ávöxtun eigna. Mun Bjarni fara nánari yfir útfærslu á nýju réttindakerfi hér á eftir.

Undanfarin ár hefur verið heimilt að taka út viðbótarlífeyrissparnað. Var það gert til að koma til móts við þrönga stöðu heimilanna í landinu eftir bankahrunið. Nú hefur verið ákveðið að gera þetta að varanlegum kosti. Ljóst er að enn er höggvið í sama knérunn og getur reynst erfitt að stuðla að þessum viðbótarlífeyrissparnaði ef hann er síendurtekið og í raun nú varanlega nýttur til samtímaverkefna. Slíkar ákvarðanir munu augljóslega rýra tekjur lífeyrisþega framtíðarinnar og draga úr þeim sveigjanleika við starfslok sem þessum sparnaði var ætlað að stuðla að. Það vekur í raun furðu, ef ætlunin er að nýta lífeyrissjóðina til frambúðar til að innheimta iðgjöld af atvinnurekendum sem nýta á til greiðslu á húsnæðisskuldum einstaklinga. Það er fráleitt að nota sjóðina í þessum tilgangi, þetta er alls ekki eitt af hlutverkum þeirra. Húsnæðissparnaðarkerfi sem ætlað er að veita skattaafslátt verður því að finna annan farveg.

Árið 2013 var að flestu leyti ágætt ár fyrir Stapa lífeyrissjóð. Allt starf hjá sjóðnum gekk vel, þær breytingar sem ákveðið var að ráðast í á síðust árum hafa gengið eftir og tekist vel. Öll starfsemi sjóðsins er í föstum skorðum og nú er unnið að breytingum á réttindakerfinu, þar sem horft er til framtíðar. Þrátt fyrir að ýmsar blikur séu á lofti bæði hér heima og erlendis er engin ástæða til að ætla annað en sjóðurinn muni halda áfram að vaxa og dafna í framtíðinni og reynast félagsmönnum sínum sá bakhjarl sem nauðsynlegur er þegar áföll verða og þegar starfsævinni lýkur.

Að lokum vil ég nota þetta tækifæri til að þakka meðstjórnarmönnum, framkvæmdastjóra og starfsmönnum gott samstarf á árinu. Sömu þakkir færi ég lífeyrisþegum, sjóðfélögum og launagreiðendum sjóðsins.